

Mál nr. 106/2018**M og
V vegna ábyrgðartryggingar O****Lyftari ók á bifreið á athafnasvæði Patreksfjarðarhafnar 7.8.2016.****Gögn.**

Málskot móttengið 27.3.2018 ásamt fylgiskjöllum nr. 1-13.

Bréf V, dags. 16.4.2018.

Bréf lögmanns M, dags. 16.4.2018.

Málsatvik.

M ók Eyrargötu í átt að hafnasvæði. M segist hafa numið staðar við biðskyldu og tekið eftir lyftara sem var að athafna sig vinstra megin við gatnamótin. M segist síðan hafa beygt til hægri og metið aðstæður þannig að það væri í lagi að stöðva A um stundarsakir til þess að taka barnalæsingu af afturhurð og segist hann hafa hann sett A í handbremsu og kveikt á hættuljósum og farið út úr A, en þá hafi lyftarinn komið á fullri ferð og ekið harkalega á A og einnig á M, þannig að hann slasaðist. Stjórnandi lyftarans sagðist ekki hafa séð A fyrir fiskikörum á lyftaranum, en hafa séð þegar A var ekið inn á hafnasvæðið. V viðurkennir bótaskyldu en telur að M þurfi að bera helming tjóns síns sjálfur.

M krefst óskertra bóta og leggur áherslu á sök stjórnanda lyftarans. Þá telur M að hann hafi ekki sýnt af sér háttsemi sem réttlæti skerðingu bóta.

V telur að ómögulegt sé að átta sig á af hverju M hafi stöðvað A í umrætt sinn, en sú háttsemi að stöðva A í akstursleið lyftarans hafi verið stórkostlegt gáleysi miðað við aðstæður. V vísar til reglna fyrir höfnina, þar sem segir að fólk sem fari um hafnasvæði þurfi ávallt að sýna aðgát og ekki skuli af ástæðulausu farið inn á vinnusvæði. Þá vísar V til þess að M hafi séð lyftarann og það standist ekki að hann hafi ekki séð viðvaranir. Þá segir V að M hafi ekið framúr lyftaranum rétt áður en slysið varð og varhugavert af honum, að stöðva nokkru síðar í akstursleið lyftarans. V segir að M hafi í raun stöðvað A á miðjum akvegi á vinnusvæði þar sem hann var á eigin áhættu og ábyrgð, vitandi það að vinna var í gangi og verði því að bera helming tjónsins.

Álit.

Stjórnandi lyftara ók áfram án þess að sjá nægjanlega vel hvað var fyrir framan lyftarann og ber hann sök á árekstrinum. V hefur viðurkennt bótaskyldu, en telur að M þurfi að bera helming tjónsins sjálfur vegna eigin sakar. M mátti vera það ljóst þegar hann ók inn á hafnasvæði framhjá lyftara sem var að störfum eftir að hafa ekið framhjá viðvörunarskilti þar sem á stóð „Varúð vinnusvæði – Bifreiðastöður bannaðar” að hann yrði að sýna verulega aðgát við akstur sinn á svæðinu. Það gerði M ekki þegar hann stöðvaði A af nauðsynjalausu í akstursleið lyftara, sem hann hafði skömmu áður ekið fram úr og vitandi að verið var að vinna við höfnina. M verður því að bera hluta tjóns síns sjálfur og er talið eðlilegt að V bæti tjónið að öðru leyti en því að M beri 1/3 tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum en ber 1/3 tjóns síns sjálfur.

Reykjavík, 8. maí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður

Jón Magnússon lögmaður